

Auglýsing um tollkvóta vegna innflutnings á blómum.

Með vísan til 65. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og til reglugerðar um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl. nr. 1247/2025, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir eftirfarandi innflutningsmagn blóma sem sótt skal um í stykkjatölu fyrir tímabilið 1. júlí - 31. desember 2026.

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Tollskrárnr.:			stk.	%	kr./stk.
	Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar:				
0602.9081- .9083 og 0602.9088	Blómstrandi plöntur með knúppum eða blómum, þó ekki kaktusar	01.07.-31.12.26	1.650	30	0
	Aðrar:				
0602.9093	Pottaplöntur til og með 1 metri á hæð, þó ekki kaktusar og þykkblöðungar og plöntur af ættkvíslinni Bromilea og plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-31.12.26	2.160	30	0
	Lífandi:				
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.-30.12.26	6.500	30	0
0603.1906- 1908, 0603.1911- 1918 og 0603.1999	Afskorin blóm og blómknappar sem notað er í vendi eða til skrauts, lífandi, þurrkað, litað, bleikt, gegndreypt eða unnið á annan hátt, þ.m.t. geislafíflar, sólliljur, fétoppar, silkivendir, ilmskúfar, ljónsmunnar, gullhrís, silfurstjörnur, brúðarslör, flamingoblóm og túlípanar.	01.07.-31.12.26	118.750	30	0

Berist umsóknir um meira magn, en auglýstum tollkvóta nemur, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Umsóknar- og tilboðsferli vegna úthlutunar tollkvótans fer fram með rafrænum hætti á vefkerfinu tollkvoti.is. Nýskráning notenda í vefkerfið fer fram hjá atvinnuvegaráðuneytinu. Ef óskað er eftir nýskráningu notenda skal hafa samband við atvinnuvegaráðuneytið atr@atr.is. Sjá tengla á fyrir nánari [upplýsingar um vefkerfið og leiðbeiningar](#).

Opnað verður fyrir umsóknir á tollkvoti.is; mánudaginn 20. apríl 2026 og skulu umsóknir berast fyrir kl. 23.59, föstudaginn 1. maí 2026.

Atvinnuvegaráðuneytinu,
20. apríl 2026.